

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi 5. nóvember 2009.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu.

Samtökin telja ekki forsvarnanlegt að stefna vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar í hættu með lagningu Suðvesturlínu og að teknar verði heilstæðar ákvarðanir í málinu.

Sól á Suðurlandi leggur áherslu á að við umfjöllun á umræddir tillögu verði viðhöfð góð vinnubrögð og stjórnsýsla.

Samtökin treysta því að farið verði eftir þeim reglum sem Ísland er bundið af, Má þar nefna Ríó-yfirlýsinguna og meginreglur umhverfisréttar, sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Þar ber hæst m eginreglan um fyrirbyggjandi aðgerðir sem er forsenda og réttlæting varúðarreglunnar um að náttúran njóti vafans, mengunarbótareglan og nytjagreiðslureglan. Einnig rammasamning um loftslagsbreytingar, samning um verndun líffræðilegar fjölbreytni og samning um varnir gegn myndum eyðimarka.

Virðingarfyllst,

f.h. Sólar á Suðurlandi

---

Guðfinnur Jakobsson